

M1100

Pökkunar- og Flokkunarvog

Marel hf.

Austurhrauni 9 • 210 Garðabæ
Sími: 563 8000 • Fax: 563 8001
info@marel.is • www.marel.com

Marel hf. áskilur sér rétt til breytinga á innihaldi bókarinnar án frekari fyrirvara. Efni bókarinnar er ekki skuldbindandi fyrir Marel hf. Ekki má afrita eða fjölfalda bókina með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis útgefanda.

Marel® er skráð vörumerki Marel hf.

Prentað í Reykjavík, apríl 2003.

© 2000, 2003 Marel hf. Öll réttindi áskilin.

030425ISL

ÖRYGGISREGLUR FYRIR MAREL-VOGIR

Notendur vogarinnar og þeir sem annast uppsetningu hennar, skulu kynna sér eftirfarandi öryggisreglur.

Ef ekki er farið eftir öryggisreglunum, fellur ábyrgð framleiðanda úr gildi. Einnig getur brot á reglunum valdið því að vugin vinni ekki rétt og valdi alvarlegum meiðslum eða bana.

VIÐVÖRUN

- Við uppsetningu vogarinnar verður að fylgja þeim reglum sem gilda á hverjum stað eða landi.
- Slökkvið á vuginni og setjið lás á aflrofa áður en viðgerð fer fram.
- Raflagnir og viðgerð á rafmagni skulu aðeins framkvæmdar af rafvirkjum í samræmi við tæknilýsingu framleiðanda og þær reglur sem gilda á hverjum stað eða landi.
- Í húsi vogarinnar eru engir íhlutir sem notandi getur sjálfur skipt um. Opnið ekki húsið. Hætta á rafstraumi.

Aldrei má

toga í efri rammann innan á hlifinni utan um vogarpallinn, því að þá er hætt á að kraftneminn bogni.

Aldrei má

lata vuginna falla úr nokkurri hæð, t.d. af borðplötu niður á gólf. Vugin er nákvæmnistæki og viðkvæm fyrir hnjóski.

ATHUGIÐ!

Marel-vogir eru framleiddar samkvæmt Flokki I, en slík tæki er SKYLT að jarðtengja til að tryggja fyllsta öryggi við notkun.

NOTIÐ AÐEINS TENGLA MEÐ JARÐTENGINGUM

Litróf rafmagnsvíra:

	Alþjóðlegt	N-Amerískt
Jörð	Grænn/gulur	Grænn eða grænn/gulur
Núlltaug	Ljósblár	Hvítur
Fasi	Brúnn	Svartur

Öryggi eru á núlltaug og fasa.

Efnisyfirlit

Inngangur **3**

HANDBÓKIN	3
Tákn	4
Tillögur um endurbætur	4
Ábyrgð	4

M1100 Vogin **5**

ALMENN LÝSING	5
Pökkunarminni	5
Flokkunarminni	6
Vigtun með tveimur vigtarsviðum	6
VOGIN TEKIN Í NOTKUN	6
UPPSETNING VOGARINNAR	6
STILLINGAR FRAMLEIÐANDA	7
SAMSKIPTI	7
ÞRIF	8
TAKKAR OG LJÓS	10
Aðalskjár	11
Zero- og Steady-ljós	11
Aukaskjár	11
Pökkunarljós	11
“Net”-ljós (nettó)	12
Flokkunarljós	12
Pökkunarljós	12
Max2-ljós	12
Örvatakkar	12
Menu-takki	13
Print-takkinn	13
Tare-takki	13
Zero-takki	13

Notkun **15**

VOGIN SETT Í SAMBAND	15
ALMENNT UM NOTKUN	15
KVÖRDUN MEÐ LÓÐI	16
ADGERÐIR	18
Tara	18

Núllun	20
Notkun tveggja vigtarsviða	21
Notkun pökkunarminnis	22
Notkun flokkunarminnis	23
Þyngdareining	26
MINNI BREYTT	27
Breytingaskipanir - Pökkun	27
Breytingaskipanir – Flokkun	29
 Séraðgerðir	 33
 UPPSETNINGARHÁTTUR	 33
Aðgangsorð	34
Skipanir í Uppsetningarhætti	34
 Notkun rafhlöðu	 37
 ALMENNT UM RAFHLÖÐUNA	 37
Orkusparandi aðgerðir	38
 Viðaukar	 39
 VIÐAUKI A — VILLUBOÐ	 39
VIÐAUKI B — VIÐBRAGÐSTÍMAR, SENDINGARHRAÐI OG ÚTPRENTANIR	40
VIÐAUKI C — CAN-TENGINGAR	42
VIÐAUKI D — TÆKNILÝSING	43
 Orðskýringar	 49
 Atriðisorð	 53

Inngangur

Handbókin

Handbók þessi, *M1100 Pökkunar- & Flokkunarvog*, *Notendahandbók*, fjallar um notkun M1100-vogarinnar og lýsir öllum helstu atriðum sem notandinn þarf að vera kunnugur.

Handbókin skiptist í fjóra kafla:

- 1. kafli — Inngangur
Lýsing á M1100-voginni, tökkum og ljósum.
- 2. kafli — Notkun
Leiðbeiningar um notkun vogarinnar og lýsing á helstu undirstöðuatriðum.
- 3. kafli — Séraðgerðir
Leiðbeiningar um notkun Uppsetningarháttar.
- 4. kafli — Rafhlaða
Leiðbeiningar um notkun vogarinnar með rafhlöðu.

Í handbókinni er einnig að finna viðauka með yfirliti yfir villuboð, dæmi um útprentanir, nettengingar, tæknilýsingu, orðalista og ítarlega atriðaskrá.

Athugið! Handbókin nær yfir öll atriði sem varða notkun M1100-vogarinnar. Hafa ber í huga að vogin er útbúin með læsingu, sem kemur í veg fyrir að hægt sé að breyta kvörðunar- og uppsetningarstillingum. Ef læsingin er opnuð, verður að gera ráð fyrir því að ákveðnar lýsingar í bókinni eiga ekki alltaf við.

Hægt er að fá handbók með kvörðunarleiðbeiningum, *M1100 Packing & Grading Scale, Calibration Instructions*.

Tákn

Í bókinni eru notuð samræmd tákn og leturgerð til að auðvelda notkun hennar:

Letur	Notkun
LITLIR HÁSTAFIR	Nöfn takka á takkaborðinu , t.d. FÆRSLU-takki og TÖRU-takki.
Stórir Upphafsstafir	Skjáir og ljós, t.d. Aðalskjár og Accept-ljós.
◆	Gefur til kynna aðgerð með aðeins einu þrepi.

Tillögur um endurbætur

Tillögur um endurbætur á handbókinni eru vel þegnar. Vinsamlegast látið okkur vita ef villur eru í leiðbeiningunum eða ef til eru betri aðferðir en þær sem lýst er í bókinni. Skrifðu til: Marel hf., Austurhrauni 9, 210 Garðabæ, eða sendið símbréf, s. 563-8001, b/t Þjónustusviðs. Netfang: service@marel.com

Ábyrgð

Marel hf. afsalar sér ábyrgð á öllum tækjum sem ekki eru notuð samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

M1100 Vogin

Almenn lýsing

M1100-vogin er auðveld í notkun og hentar vel fyrir alla venjulega pökkun og flokkun. Vogin er vatnsþétt samkvæmt IP67-staðli, hún er gerð úr ryðfríu stáli og auðvelt er að þrifa hana. M1100-vogin fæst í þremur aðalgerðum:

- M1100-vogarhaus festur með háum rörfestingum á PLx-vogarpall (gerð xxxLx). Þessi vog fæst einnig sem rafhlöðuvog (gerð xxBLx).
- M1100-vogarhaus festur með stuttum rörfestingum á PLx-vogarpall (gerð xxxSx).
- M1100-vogarhaus með vegg- eða borðfestingum (gerð xxxNx), sem hægt er að tengja við flestar tegundir vogarpalla með kraftnemum (strain gage).

M1100 Skipa- og landvogir

Þessar þrjár gerðir eru til sem skipavogir, sérhannaðar til notkunar á sjó, og sem landvogir. Hægt er að tengja vogarpalla af ýmsum stærðum við allar gerðir M1100-vogarinnar. Sjá nánar um hinar ýmsu gerðir í “Viðauki D — Tæknilýsing”, s. 43.

Eitt eða tvö vigtarsvið

Vogin hefur eitt til tvö vigtarsvið, allt eftir gerð vogarpallsins.

Handbókin gildir jafnt fyrir skipavogina (M1100-U2) og landvogina (M1100-C2). Báðar tegundir vinna á nákvæmlega sama hátt, að sjókvörðun skipavogarinnar undanskilinni (sjá s. 16).

Pökkunarminni

*Allt að fimmtán
pökkunarminni og fjórar
þyngdareiningar*

Notandinn getur sett upp allt að fimmtán markþyngdir í svokölluðum pökkunarminnum. Efri og neðri þyngdarmörk eru skilgreind fyrir hverja markþyngd. Hægt er að velja milli allt að fjögurra þyngdareininga (kg, g, lb eða oz) fyrir hverja markþyngd. Aukaskjárinn sýnir hvaða pökkunarminni, 1 til 15, er í notkun.

*Fimm flokkunarminni með
nú mismunandi flokkum
hvert*

Flokkunarminni

Í voginni eru einnig fimm flokkunarminni, sem hvert um sig getur haft níu mismunandi flokka. Hægt er að nota flokkunarminnin á þrennan hátt: Fyrir venjulega flokkun og mínus-flokkun eða plús-flokkun (sjá nánar í “Notkun flokkunarminnis”, s. 23).

*Sjálfvirk skipti milli
vigtarsviða*

Vigtun með tveimur vigtarsviðum

Hægt er að setja vogina upp með mörgum vigtarsviðum. Þannig getur notandinn unnið með fast vigtarsvið eða látið vogina skipta sjálfkrafa milli vigtarsviðanna.

Sjálfvirk skipti eru sjálfgefin stilling vogarinnar. Hún skiptir þá sjálfkrafa frá lægra vigtarsviðinu yfir á hærra sviðið þegar þyngdin á vogarpallinum fer yfir mestu þyngd lægra sviðsins. Sjá nánar í “Notkun tveggja vigtarsviða”, s. 21.

Vogin tekin í notkun

Áður en vogin er tekin í notkun er ráðlegt að athuga hvort hún hafi orðið fyrir hnjaski við flutning. Hafið strax samband við Marel hf. ef svo er.

Uppsetning vogarinnar

Áður en vogin er sett í samband, þarf að athuga eftirfarandi:

- Áríðandi er að ekkert utanaðkomandi geti hindrað hreyfingar vogarpallsins.
- Þegar vogin er sett í samband er áríðandi að vogarpallurinn sé auður.
- Vogin á að standa á stöðugri og sléttri undirstöðu, þar sem ekki er titringur (gildir aðeins um landvogir).
- Notið innbyggða hallamælinn til að stilla vogina (gildir aðeins um landvogir).
- Á vogum með sérstæðan pall og haus er mikilvægt að snúrur milli hauss og palls sveiflist ekki meðan á vigtun standur. Þetta er til að tryggja mestu afköst vogarinnar.

Stillingar framleiðanda

Framleiðandi sendir M1100-vogina frá sér með þessum stillingum:¹

- Núllstilling VIRK
- Sjálfvirk tara ÓVIRK
- Sjálfvirk skráning ÓVIRK
- Öll minni eru stillt á núll, nema:
 - Þökkunarminni 1, sem er stillt á efri og neðri þyngdarmörk
 - Flokkunarminni 1, sem er stillt á neðri flokkamörk fyrir öll níu minnin.²

Samskipti

M1100-vogin býður upp á eftirfarandi samskiptamöguleika:

- **CAN.** M1100-vogin er hönnuð sérstaklega til vinnslu í nettengdu umhverfi (CAN Open). Þegar vogin er tengd við CAN-netkerfi, getur netið séð voginni fyrir rafstraumi.
- **RS-232.** M1100-vogin getur haft samskipti við ýmsan aukabúnað gegnum RS-232. Til dæmis er hægt að prenta út vigtarniðurstöður á límmiðaprentara eða senda þær til PC-tölvu til geymslu eða frekari vinnslu.

¹ Sjá nánar um núllun í “Skipanir í Uppsetningarhætti”, s. 34.

² Sjá leiðbeiningar um hvernig breyta á þessum mörkum og setja upp fleiri minni í “Minni breytt” á s. 26.

Þrif

Athugið! Mjög mikilvægt er að vogin sé vandlega þrífín daglega til að koma í veg fyrir tæringu af völdum ryðs. Notið hreint, kalt vatn. Aldrei má skola vogina upp úr sjó.

- Notið sótthreinsiefni, sem eru viðurkennd til notkunar í matvælaíðnaði, við þrif á voginni. Fylgið notkunarleiðbeiningum framleiðanda.
- Notið ekki óþarflega sterk hreinsiefni. Basískar lausnir tæra íhluti úr áli, t.d. kraftnema. Notkun klórefna getur valdið ryðmyndun í stáli.
- Ekki má nota háþrýstislöngur við þrif á voginni. Þess í stað skal nota minni vatnsþrýsting eða hella vatni yfir vogina.

Hreinsiefni

Sýrustig hreinsiefna sem notuð eru á tæki frá Marel á helst að vera á bilinu pH 12-13.³

Basar eru aðaluppistaðan í flestum hreinsiefnum, t.d. kalíumhýdroxíð (KOH) eða vítisóði (NaOH). Vítisóði er ekki heppilegt hreinsiefni fyrir M1100 vogina þess hve tærandi hann er. Ef unnt er, notið efni sem innihalda KOH í staðinn.

Fylgið ávallt leiðbeiningum framleiðanda við notkun hreinsiefna.

Notið ekki hreinsiefni með klór (sodium hypochlorite) við dagleg þrif. Klór er algengur í hreinsiefnum, en hann ætti að nota með varúð vegna tærandi áhrifa klórsambanda á stál.

Dagleg þrif

- Notið basískt kvoðuhreinsiefni, ph 1% 12-13, við dagleg þrif. Notið **ekki** efni sem innihalda klór við dagleg þrif. Vandíð val á kvoðuhreinsiefnum og gangið úr skugga um að þau innihaldi frekar tæringarverjandi efni og kalíumhýdroxíð (KOH) í stað klórefna (NaOH).
- Sprautið kvoðunni á allt yfirborð tækja og látið standa í um það bil 20 mínútur. Skolið kvoðuna af.
- Til að eyða bakteríum sem best er nauðsynlegt að ljúka daglegum þrifum með því að sprauta lausn með fjörgildum

³ Marel hefur þróað hreinsiefnið *Frima fip 6* í samvinnu við Frigg hf. *Frima fip 6* er basísk hreinsikvoða sem hentar vel til notkunar í matvælaíðnaði. Hún er sérstaklega hönnuð til að draga úr skaðlegum áhrifum hreinsiefna á Marelbúnað. Marel mælir einnig með hreinsiefninu Undra, þróað af Iðntæknistofnun.

ammóníumsamböndum yfir tækin og umhverfis þau. Sprautið þegar tækin eru orðin þurr og notið 300 ppm lausn.

- Áður en vinnsla hefst að morgni eða eftir vinnsluhlé er nauðsynlegt að skola þá fleti, sem komast í snertingu við hráefnið, með hreinu vatni. Óæskilegt er að lausnin með fjörgildu ammóníumsamböndunum snerti hráefnið.

Sóttthreinsiefni

Þegar sóttthreinsunarefni er valið þarf að hafa í huga að klór veldur tæringu í stáli. Klór er engu að síður mjög virkt sóttthreinsiefni og því getur verið nauðsynlegt að nota klór öðru hvoru til að halda vexti örvera í skefjum.

Marel mælir með eftirfarandi:

- Notið klór til sóttthreinsunar einu sinni í viku, að loknum venjubundnum þrifum með basísku kvoðuhreinsiefni.
- Gætið þess að styrkur klórlausnarinnar fari ekki yfir 200 ppm.
- Sprautið sóttthreinsiefninu á allt yfirborð tækja og látið standa í um það bil 30 mínútur.
- Skolið búnaðinn vandlega að lokinni sóttthreinsun.
- Notið sóttthreinsi með fjörgildum ammóníumsamböndum í stað klórs þá daga sem klór er ekki notaður.
- Gætið þess að styrkur fjörgildu ammóníumsambandanna fari ekki yfir 750 ppm.


Athugið: Oft getur verið gagnlegt að nota mismunandi sóttthreinsiefni til skiptis við sóttthreinsun (t.d. klór, peracid eða acid-anionic).

Þar sem uppgufun klórs er hröð, dvína sóttthreinsandi áhrif hans fljótlega eftir sprautun á búnaðinn. Virkni klórs eykst ekki þótt hann sé látinn liggja lengur á búnaðinum, heldur mun hann aðeins valda skaða á búnaðinum. Fjörgild ammóníumsambönd eru mun stöðugri og virkari í mun lengri tíma. Þar af leiðandi er mun árangursríkara að láta slík efni liggja lengi á tækjunum.

Þjálfun starfsfólks

Mikilvægt er að nýtt starfsfólk í þrifum fái rétta þjálfun og sé kennt hvaða staðir á tækjum Marel þurfa sérstaka athygli við þrif.


Takkar og ljós



Mynd 1 M1100-haus, framhlið.

1.	Hús	13.	“Over”-ljós
2.	Upplýsingapлата	14.	Þyngdareining
3.	Max2/Dvalaljós	15.	UPP-ör
4.	Pökkunarljós	16.	MENU-takki (skipta um valmyndir)
5.	Flokkunarljós	17.	NIÐUR-ör
6.	“Net”-ljós (nettó)	18.	PRINT-takki
7.	“Under”-ljós (undir)	19.	ZERO-takki (núllstilling)
8.	Aðalskjár	20.	TARE-takki (tara)
9.	Aukaskjár	21.	Stöng / kapalstokkur
10.	“Accept”-ljós (gild vigtun)	22.	Tenging fyrir kapal (raðvirkur RS-232), eða raflöðutenging (aukabúnaður)
11.	“Zero”-ljós (núll)		
12.	“Steady”-ljós		

Aðalskjár



Mynd 2 Aðalskjár.

Aðalskjárinn sýnir þyngdina á vogarpallinum. Ef tara er í notkun er nettóþyngd sýnd. Hægra megin á skjánum sýnir ljós hvaða þyngdareining er virk hverju sinni.⁴

Zero- og Steady-ljós




Mynd 3 Ljós.

Fyrir neðan Aðalskjáinn eru tvö ljós, Zero- og Steady-ljós.

- Zero-ljósið (grænt) kviknar þegar vogin er á núllpunkti.
- Steady-ljósið (grænt) kviknar þegar þyngdin á vogarpallinum er stöðug.

Aukaskjár



Mynd 4 Aukaskjár.

Aukaskjárinn er beint fyrir neðan Aðalskjáinn.

Skjárinn sýnir það þökkunar- eða flokkunarminni sem er virkt hverju sinni. Veljið minni með UPP- og NIÐUR-örvunum (sjá “Almennt um notkun”, s. 15).

Aukaskjárinn sýnir einnig

- stillingaskipanir, þegar vogin er í Uppsetningarhætti.
- blikkandi boðin $\mathcal{M}$ “marine calibration required” (kvörðun með lóði nauðsynleg).

Þökkunarljós

Þökkunarljósin eru fyrir ofan Aðalskjáinn. Ljósin eru þrjú, *Under* (undir), *Accept* (gild vigtun) og *Over* (yfir).



Mynd 5 Þökkunarljós

- *Accept*-ljósið (gild vigtun) fyrir miðju er grænt. Það kviknar þegar þyngdin á vogarpallinum er innan settra marka.
- *Under*- og *Over*-ljósin (undir og yfir) sitt hvoru megin við *Accept*-ljósið eru rauð. Þau kvikna ef þyngdin er utan settra marka. Frávikið er sýnt í þrepum, þannig að bilið milli tveggja ljósa jafngildir tveimur deilingum. Ef tvö ljós lýsa samtímis jafngildir það einnar deilingar fráviki.

⁴ Athugið! Vegna reglna á sumum markaðssvæðum og takmarkana á vigtarsviði vogarinnar, er í sumum tilfellum ekki hægt að velja allar þyngdareiningar. Á Íslandi eru ekki leyfðar aðrar einingar en kg og g til löggiltra nota.

Innri örvarnar kvikna fyrst en ef frávikíð er jafnt og eða meira en sjö deilingar, kviknar á ytri örvunum.



NET

Mynd 6 "Net"-ljós (nettó)

"Net"-ljós (nettó)

"Net"-ljósið (nettó-ljósið) kviknar þegar tara er í notkun.



GRADE

Mynd 7 Flokkunarljós

Flokkunarljós

Flokkunarljósið kviknar til að gefa til kynna að vogin sé í flokkunarhætti.



PACK

Mynd 8 Pökkunarljós

Pökkunarljós

Pökkunarljósið kviknar til að gefa til kynna að vogin sé í pökkunarhætti.



Max2

Mynd 9 Max2-ljós

Max2-ljós

Það kviknar á Max2-ljósinu

- á tveggja sviða vogum til að gefa til kynna að vogin sé á hærra viktarsviðinu.
- á vogum sem ganga fyrir rafhlöðum til að gefa til kynna að vogin sé í dvala.



Mynd 10 UPP-ör, NIÐUR-ör.

Örvatakkar

Örvatakkarnir eru notaðir til að velja pökkunar- eða flokkunarminni. Þeir eru einnig notaðir til að færa inn tölugildi og til að velja skipanir þegar vogin er í Uppsetningarhætti.



Mynd 11 MENU-takki.

Menu-takki

MENU-takinn er notaður til að opna skipanalistann þar sem þyngdarmörk fyrir pökkunarminnin (sjá “Breytingaskipanir - Pökkun” á s. 27) og flokkunarmörkin fyrir flokkunarminnin eru færð inn (sjá “Breytingaskipanir – Flokkun” á s. 29).

Þegar vogin er í Uppsetningarhætti er MENU-takinn notaður þegar ekki á að framkvæma fleiri skipanir.



Mynd 12 PRINT-takki.

Print-takinn

PRINT-takinn er notaður til að skrá vigtanir og prenta þær út. Hann er einnig notaður til að framkvæma skipanir og til að staðfesta nýjar stillingar.



Mynd 13 TARE-takki.

Tare-takki

TARE-takinn er notaður til að stilla töru. Þegar þyngd er á vogarpallinum og ýtt er á takkann, er sú þyngd notuð sem tara og Aðalskjárin sýnir núll. Það kviknar á Net-ljósinu. TARE-takinn er einnig notaður til að afnema töru.

Athugið: Ekki er hægt að nota TARE-takkann á meðan innslegin tara er virk.



Mynd 14 ZERO-takki.

Zero-takki

Zero-takinn er notaður til að stilla vogina á núllpunkt, þ.e. þegar svo háttar til að núllpunkturinn er stöðugur og frávikið er ekki meira en $\pm 2\%$ af hámarksþyngd.⁵

Núllpunkturinn er viðmiðunarpunktur allra vigtana, og því er nauðsynlegt að hann sé réttur til að tryggja nákvæmar vigtunarniðurstöður.

⁵ Ef sjálfvirk núllun er notuð (með því að kveikt er á rofa í forritinu, sjá s. 34), stillir vogin sjálf núllpunktinn. Mesti stillingarhraði er 0,5 deilingar á sekúndu.

Notkun

Vogin sett í samband

Enginn aðalrofi er á veginni. Ástæðan er sú, að æskilegast er að alltaf sé straumur á veginni. Stöðugur straumur kemur í veg fyrir raka í veginni.

- ◆ Kveikið á veginni í fyrsta skipti einfaldlega með því að stinga rafmagnssnúrunni í samband við næsta hústengil. Ef vogin gengur fyrir rafhlöðum er rafhlöðuhylkið fest á M1100 vogarhausinn.

Því næst birtist útgáfunúmer hugbúnaðarins og staða Cal/Con-teljaranna stutta stund á Aðalskjánum og ljósin á skjánum eru prófuð. Ef læsingin á kvörðunar- og uppsetningarstillingum er virk, bregður boðunum **L** **U** **C** fyrir á Aukaskjánum.

Vogin stillir sig síðan á núll (boðið - **0** - birtist á Aukaskjánum), hún skiptir yfir í Vinnsluhátt, og er nú tilbúin til notkunar.

Athugið! Teljararnir breytast í hvert sinn sem uppsetningu vogarinnar er breytt og við kvörðun. Því er hægt að nota teljarana til að fylgjast með því hvort vogin hafi verið kvörðuð í óleyfi.

Almennt um notkun

M1100-vogin er mjög auðveld í notkun. Í veginni eru allt að fimmtán þökkunarminni, sem hægt er að stilla hvert um sig með eftirfarandi upplýsingum:

- Þyngdareiningu (kg, g, lb og oz. Hægt er að gera einingarnar lb og oz óvirkar)
- Neðri þyngdarmörkum
- Efri þyngdarmörkum

Í veginni eru einnig fimm flokkunarminni, sem hvert um sig hefur níu flokka. Minnin er hægt að stilla með:

- Þyngdareiningu (kg, g, lb, oz).⁶
- Neðri flokkamörkum (Lower grade limit).
- Flokkunaraðferð (venjuleg flokkun, mínus-flokkun, plús-flokkun).

Skipt úr pökkun í flokkun (eða öfugt)

- ♦ Notið örvatakkana til að fletta á milli minna og skipta á milli pökkunar og flokkunar.



Pökkunar- og flokkunarljósinn kvikna og sýna hvor hátturinn (pökkun eða flokkun) er virkur á voginni.

Kveikt á voginni í fyrsta sinn

- 1 Setjið vogina í samband.
- 2 Vogin er nú tilbúin til notkunar (einföld vigtun).
- 3 Hins vegar, ef nota á pökkunar- eða flokkunarminnin, þarf fyrst að
 - færa inn stillingar fyrir viðkomandi pökkunar- eða flokkunarminni og síðan
 - velja viðeigandi minni með örvatökkunum.

Sjá nánar í “Minni breytt”, s. 26.

Kvörðun með lóði

Kvarða þarf M1100-skipavogir með lóði öðru hverju til að tryggja að vigtanir séu réttar og nákvæmar.

Takið eftir! Til að tryggja góðan árangur kvörðunar, er áriðandi að kvörðun fari fram í sama umhverfi og nota á vogina í, þ.e. á rúmsjó en hvorki á landi né í skjóli hafnar.



Mynd 15 Kvörðunarboð

Nauðsynlegt er að kvarða vogina þegar kveikt er á henni í fyrsta sinn. Síðan birtist viðvörðun (boðið CAL blikkar á Aukaskjánum) í hvert sinn sem þörf er á kvörðun.

Einnig þarf að kvarða vogina

- þegar vogin er óstöðug án þess að komið sé við vogarpallinn.
- þegar vigtarniðurstaðan er ónákvæm, þrátt fyrir réttan núllpunkt.
- þegar ekki er hægt að núllstilla vogina, jafnvel þótt vogarpallurinn sé tómur.

⁶ Fer eftir stærð vogarpalls og markaðssvæði.

Ábending

- Það er sjálfsögð regla að fylgjast reglulega með kvörðuninni. Þetta er gert með því að setja þyngd á vogarpallinn og athuga hvort Aðalskjárin sýni stöðuga og nákvæma vigtnun.

Vogin kvörðuð

- 1 Gangið úr skugga um að pallurinn sé tómur.
 - 2 Ýtið samtímis á MENU-takkann  og ZERO-takkann  til að setja vogina í Kvörðunarhátt.
Aukaskjárin sýnir: $\overline{LAL}$
Aðalskjárin sýnir: - - -
 - 3 Biðið þar til vogin biður um viðmiðunarlóð.
Aðalskjárin sýnir til dæmis: $P_{uL} \overline{2u}^7$
 - 4 Setjið viðmiðunarlóðið á vogarpallinn.
 - 5 Ýtið á PRINT-takkann  til að hefja kvörðun.
Aðalskjárin sýnir $\overline{= = =}$ á meðan kvörðunin stendur yfir.
 - 6 Þegar kvörðuninni er lokið, birtist $\overline{F_1 \overline{L} \overline{nn}}$ á Aðalskjánum ($\overline{nn}$ er tölugildi milli 0 og 99).
Gildi yfir 25 gefa til kynna lélega kvörðun. Í slíkum tilfellum þarf að endurtaka þrep 1 til 4 hér að ofan.
-
- Athugið!** Boðin $\overline{F_1 \overline{L} \overline{nn}}$ birtast, þegar skipavog hefur verið kvörðuð og vogarpallurinn verið hreyfingarlaus.
-
- 7 Takið viðmiðunarlóðið af vogarpallinum.
 - 8 Aðalskjárin sýnir núll og vogin er nú tilbúin til notkunar.

⁷ Þyngdareiningin og þyngdin, sem birtist hér, fer eftir stærð vogarpallsins.

Aðgerðir

Hér á eftir verður farið yfir helstu aðgerðir, sem notandi M1100-vogarinnar ætti að þekkja.

- notkun töru, venjulegrar, sjálfvirkar og innsleginnar
- núllun
- notkun tveggja vigtarsviða
- val á pökkunarminni
- skráningu pökkunarþyngdar, handvirkt og sjálfvirkt
- val á flokkunarminni
- notkun mínus-flokkunar
- notkun plús-flokkunar
- skipta um þyngdareiningu
- notkun mismunandi þyngdareininga
- breytingar á pökkunar- og flokkunarminnum.

Tara

Venjuleg tara

Sjálfvirk tara

Vogin vinnur með þrenns konar töru, venjulega, sjálfvirka og innslegna töru. Sjálfvirk tara virkar á svipaðan hátt og venjuleg tara. Eini munurinn er að sú fyrrnefnda tekur sjálfkrafa tillit til þess að lítilsháttar munur getur verið á þyngd bakka eða askja sem sett eru á vogarpallinn.

Þetta þýðir, að notandinn getur sett misþunga bakka á vogarpallinn án þess að þurfa að ýta á TARE-takkann  í hvert sinn sem skipt er um bakka. Sjálfvirka taran sér um það.

Innslegin tara

Innslegin tara er aftur á móti ólík að því leyti að notandinn slær sjálfur inn ákveðið törugildi, í stað þess að láta vogina skynja þyngdina hverju sinni. Þessi aðferð getur verið gagnleg í sumum tilvikum, t.d. við pökkun þar sem þyngd umbúða er þekkt.

Innslegna töru er aðeins hægt að nota í pökkunarhætti.

Tara í tveimur vigtarsviðum

Nánar um aðgerðir töru í tveimur vigtarsviðum, sjá “Notkun tveggja vigtarsviða” s.21.

Venjuleg tara

Stílt á töru

- 1 Setjið bakka (töruþyngdin) á vogarpallinn og ýtið á TARE-takkann .
- 2 Net-ljósið kviknar og gefur til kynna að tara er í notkun en Aðalskjárin sýnir núll.
- 3 Við eftirfarandi vigtanir sýnir Aðalskjárin NETTÓ-þyngdina á vogarpallinum.

Sé tara notuð, þarf að prófa hana öðru hvoru:

- ◆ Setjið bakka á vogarpallinn og athugið hvort Aðalskjárin sýni núll. ekki, þarf að stilla vogina að nýju á töru með því að ýta á TARE-takkann .

Tara afnumin

- 1 Tæmið vogarpallinn.
- 2 Ýtið á TARE-takkann .
Net-ljósið slökknar.

Bein sala til almennings

Athugið! Á sumum markaðssvæðum er notkun töru vernduð með rofa í forritinu.⁸ Við það breytist notkun törunnar:

- afnema þarf töruna (sjá hér að ofan) áður en hægt er að færa inn nýtt törugildi ef nýja gildið er lægra en hið fyrra.
 - ekki er hægt að nota innslegna töru.
-

Sjálfvirk tara

Notkun sjálfvirkar töru

- 1 Kveikið á rofanum  (sjá “Skipunin APP” á s. 34).
- 2 Setjið bakka (töruþyngdin) á vogarpallinn og ýtið á TARE-takkann  (sjá hér að ofan um notkun venjulegrar töru). Notið heppilega aðferð til að vigta eða flokka innihald bakkans.
- 3 Takið bakkann af vogarpallinum og setjið nýjan bakka á pallinn.
- 4 Ef þyngd nýja bakkans er innan við $\pm 10\%$ af upphaflegu törunni, mun vogin sjálfkrafa tara þennan bakka og núll birtist á Aðalskjánum.

⁸ Samkvæmt viðurkenndum reglum um skilyrði beinnar sölu til almennings.

Athugið! Sjálfvirk tara getur vegið upp á móti allt að 10-30% frávikum á töruþyngdinni. Mörkin eru valin við uppsetningu vogarinnar. Ef annar bakkin, sem settur er á auðan vogarpallinn eftir að stillt hefur verið á Sjálfvirka töru, er innan við 10% þyngri eða léttari en fyrsti bakkin, þá stillir vogin sig sjálfkrafa á núll (törunúll). Til að þetta gerist er mikilvægt að vogin sé stöðug og pallurinn tómur áður en seinni bakkin er settur á vogina.

Innslegin tara⁹

Notkun innsleginnar töru

- 1 Veljið minni með örvatökkunum  og .
- 2 Haldið niðri MENU-takkanum  í nokkrar sekúndur.
- 3 Veljið ~~PL~~-skipunina með örvatökkunum.
- 4 Ýtið á PRINT-takkann . Þau þyngdarmörk sem eru virk fyrir minnið, birtast á Aðalskjánum.
- 5 Ýtið aftur á PRINT-takkann . Fyrsti stafurinn á skjánum blikkar, og þá er hægt að breyta gildi hans.
- 6 Notið UPP- eða NIÐUR-ör til að breyta gildi stafanna. Ýtið á PRINT-takkann  til að kveikja á hverjum staf fyrir sig.

Athugið! Það þarf að kveikja á öllum stöfum til að breyting taki gildi (ýtið á PRINT-takkann  sex sinnum), jafnvel þótt aðeins eigi að breyta einum staf.

- 7 Ýtið á MENU-takkann  til að fara aftur í Breytingahátt og velja einhverja hinna skipananna.
- 8 Ýtið enn á MENU-takkann  til að fara aftur í Vinnsluhátt.

Núllun

Nýr núllpunktur tekinn

- 1 Tæmið vogarpallinn.
- 2 Ýtið á ZERO-takkann .
Það kviknar á Zero-ljósinu.

Ábending

- Ef ZERO-takkinn  virkar ekki, getur þurft að núllstillta vogina með því að taka hana úr sambandi og setja síðan aftur í samband. Einnig má núllstillta með því að ýta samtímis á

⁹ Stilla þarf rofann S12 á ON til að unnt sé að nota innslegna töru.

UPP-örina , MENU-takkann  og ZERO-takkann . Sjá nánar um núllun í Zero-takki, s. 13.

Notkun tveggja vigtarsviða

Á vogum með tvö vigtarsvið er um þrjá möguleika að ræða:

- **Auto** (sjálfgefið): vogin skiptir sjálfkrafa milli vigtarsviða. Svið vigtarniðurstaða á Aðalskjánum breytist úr lágu sviði í hátt, þegar þyngdin á pallinum fer yfir hámarksþyngd lægra sviðsins, þ.e. þyngdin fer yfir 15 kg á 30 kg vog.

Þegar vogin skiptir yfir á hærra sviðið, kviknar á Max2-ljósinu neðst í vinstra horni vogarhaussins.

Vogin er áfram á hærra sviðinu, jafnvel þótt þyngdin á pallinum minnki uns vogin hefur verið stöðug á núlli í nokkrar sekúndur, eða þar til ýtt er á ZERO-takkann ¹⁰.



Mynd 16 Max2-ljós

Tara í tveimur
vigtarsviðum

Athugið! Ef **Auto** - sviðið er notað og taran er stillt á hærra vigtarsviðið, hafnar vogin töruninni sjálfkrafa þegar skipt er yfir í lægra vigtarsviðið.

Ef innslegin tara er notuð með **Auto**, er Max1 hæsta gildi sem hægt er að nota.

Ef tara þarf hærra vigtarsviðið er mælt til þess að vogin sé fest á hærra sviðinu með því að velja þess í stað valkostinn **USE H₁** og koma þar með í veg fyrir sjálfvirka höfnun törunnar.

- **USE L₀**: vogin er föst í lægra vigtarsviðinu og getur ekki vigtað þyngri hluti en hámarksþyngd sviðsins segir til um.
- **USE H₁**: vogin er föst í hærra vigtarsviðinu. Það kviknar á Max2-ljósinu.

Skipt um vigtarsvið

- 1 Haldið niðri MENU-takkanum  í nokkrar sekúndur.
- 2 Ýtið á örvatakkana  og  til að birta **EE**-skipunina á Aukaskjánum.
- 3 Ýtið á PRINT-takkann  til að sýna það vigtarsvið sem er í gildi.
- 4 Ýtið aftur á PRINT-takkann . Vigtarsviðsgildið blikkar og þá er hægt að velja nýtt gildi með örvatökkunum.
- 5 Ýtið á PRINT-takkann  til að staðfesta valið. Ýtið síðan á MENU-takkann  til að snúa aftur í Breytingahátt en þar er hægt að velja aðra skipun, ef vill.
- 6 Ýtið enn á MENU-takkann  til að fara aftur í Vinnsluhátt.

¹⁰ Vogin skiptir ekki yfir í neðri mörk **nema** búið sé að núllstilli, annaðhvort með sjálfvirkri núllstillingu (kveikt á **RO I** rofanum) eða með því að ýta á Núll-takkann.



Mynd 17 Pökkunarljós

Notkun pökkunarminnis

Þegar pökkun er í gangi, logar á pökkunarljósinu og númer þess pökkunarminnis sem er virkt hverju sinni, birtist á Aukaskjánum.

Unnt er að skipta úr pökkunarhætti í flokkunarhátt með örvatökkunum. Pökkunarljósið slokknar og flokkunarljósið kviknar þegar fyrsta flokkunarminni er náð.

Pökkunarminni valið

- ◆ Notið örvatakkana og til að finna það pökkunarminni sem nota skal.
Nýja minnið er virkt um leið og númer þess, 1 til 5, birtist á Aukaskjánum.

Vogin er nú tilbúin til notkunar.

Þegar pökkunarminni hefur verið valið, gerist eftirfarandi á meðan vigtun stendur yfir:

- Græna *Accept*-ljósið kviknar ef þyngdin á vogarpallinum er innan settra marka.
- Rauðu *Over*- og *Under*-ljósin (undir og yfir) sitt hvoru megin við *Accept*-ljósið kvikna ef þyngdin er utan settra marka.
- Græna *Steady*-ljósið kviknar, þegar þyngdin á vogarpallinum er stöðug.

Hægt er að skrá þyngd sem er stöðug (grænt *Steady*-ljós) og innan marka (grænt *Accept*-ljós). Skráningin er ekki geymd í voginni sjálfri en er send í gegnum samskiptabúnað vogarinnar til tölvu eða prentara.

Hægt er að skrá vigtanir á tvennan hátt, handvirkt eða sjálfvirkt.

Vigtun skráð handvirkt

- 1 Fylgist með *Accept*- og *Steady*-ljósunum.
- 2 Skráið vigtunina með því að ýta á *PRINT*-takkann , þegar kviknar á ljósunum.
- 3 Orðið *OK* (skráning í gangi) birtist á Aukaskjánum á meðan skráning stendur yfir.
- 4 Ef reynt er að skrá sömu þyngdina tvisvar, blikkar orðið *NO* á Aukaskjánum.
Ýtið á *MENU*-takkann til að eyða boðunum.

Þessi boð (*NO* - Ógild vigtun) birtast einnig ef reynt er að skrá óstöðuga þyngd eða þyngd sem er utan settra marka.

Vigtun skráð sjálfvirk

- 1 Veljið þessa aðferð með því að kveikja á rofanum **A03** (sjá s. 34).
- 2 Vogin skráir nú sjálfkrafa síðustu stöðugu þyngdina innan marka á vogarpallinum jafnóðum og þyngdin er tekin af pallinum.

Notkun flokkunarminnis



Mynd 18 Flokkunarljós

Þegar flokkun er í gangi, logar á flokkunarljósinu og númer þess flokkunarminnis, sem er virkt, birtist á Aukaskjánum.

Unnt er að skipta úr pökkunarhætti í flokkunarhátt með örvarlyklunum. Flokkunarljósið slokknar og pökkunarljósið kviknar þegar fyrsta pökkunarminni er náð.

Fyrir hvert flokkunarminni er unnt að:

- velja þyngdareiningu (kg, g, lb, oz)
- tilgreina neðri mörk fyrir níu mismunandi flokka (**L 0 1... L 0 9**)
- velja eina flokkunaraðferðina af þremur, **net** (venjuleg flokkun), **re** (mínus flokkun) eða **P05** (plús-flokkun)
- skrá vigtun sjálfkrafa í mínus- og plús-flokkun.
Veljið þessa aðferð með því að kveikja á rofanum **A03** (sjá s. 34).

Flokkamörk

Hægt er að velja hvort flokkamörk birtast í hækkandi eða lækkandi röð. Í hækkandi röð er léttasta stykkið í flokki 1, en í lækkandi röð eru þyngstu stykkir í flokki 1.

Dæmi 1, hækkandi röð:

Flokkamörkin fyrir flokkana 1-3 eiga að vera:

flokkur 1 = 100-200 g

flokkur 2 = 200-300 g

flokkur 3 = 300-400 g

Flokkamörkin eru þá sett á eftirfarandi hátt:

L 0 1 = 100 g

L 0 2 = 200 g

L 0 3 = 300 g

L 0 4 = 400 g

L 0 5 til **L 0 9** = 0.

Þyngdir frá 100 og upp að 200 (200 ekki meðtalið) fara í flokk 1, og þyngdir frá 200 og upp að 300 (300 ekki meðtalið) í flokk 2. Til að nota flokk 3 verður að tilgreina neðri mörk fyrir flokk 4, þrátt fyrir að flokkur 4 verði alls ekki notaður. Annars myndu allar nákvæmlega 300 g þyngdir eða þyngri fara í flokk 9.

Dæmi 2, lækkandi röð:

Flokkamörkin fyrir flokkana 1-3 eiga að vera:

flokkur 1 = 300-400 g

flokkur 2 = 200-300 g

flokkur 3 = 100-200 g

Flokkamörkin eru þá sett á eftirfarandi hátt:

L 0 1 = 400 g

L 0 2 = 300 g

L 0 3 = 200 g

L 0 4 = 100 g

L 0 5 til L 0 9 = 0.

Vigtun skráð handvirkt

- 1 Fylgist með Steady-ljósinu.
- 2 Skráið vigtunina með því að ýta á PRINT-takkann , þegar kviknar á ljósunum.
- 3 Boðin $r E C$ (skráning í gangi) birtast á Aukaskjánum á meðan skráning stendur yfir.
- 4 Ef reynt er að skrá sömu þyngdina tvisvar, blikkar orðið $n a$ á Aukaskjánum.
Ýtið á MENU-takkann  til að eyða boðunum.

Þessi boð ($n a$ - Ógild vigtun) birtast einnig ef reynt er að skrá óstöðuga þyngd eða þyngd sem er utan settra marka.

Vigtun skráð sjálfvirkt (mínus- og plús-flokkun)

- 1 Veljið þessa aðferð með því að kveikja á rofanum $H 0 3$ (sjá s. 34).
- 2 Vogin skráir nú sjálfvirkt þyngd hluta um leið og þeir eru teknir af vogarpallinum (mínus-flokkun) eða settir á vogarpallinn (plús-flokkun).

Venjuleg flokkun:

Með þessari aðferð er hlutur settur á vogarpallinn og flokkurinn birtist á Aukaskjánum.


Notkun venjulegrar flokkunar

- 1 Notið örvatakkana  og  til að finna það flokkunarminni sem nota á.
Flokkunarminnið er virkt um leið og heiti þess birtist á Aukaskjánum.

- 2 Veljið flokkunaraðferð ($n \in \mathbb{Z}$).
- 3 Tilgreinið flokkamörk fyrir eitt eða fleiri flokkunarminni (sjá nánar í “Skipunin Lo1” á s. 30).

Vogin er nú tilbúin til notkunar.

Þegar flokkunarminni er valið og þyngdin er jöfn flokkunarmarkinu $L \square I$ eða þar yfir, birtist flokkurinn á Aukaskjánum eins og sýnt er hér að neðan:



Mynd 19

Flokkunarminni 1,
flokkur 3.



Mynd 20

Flokkunarminni 5,
flokkur 4.



Mynd 21

Flokkunarminni 1,
enginn flokkur
(þyngdin er annað-
hvort undir mörkum
Lo1 eða enginn flokkur
hefur verið
skilgreindur).

Mínus-flokkun:

Þessi flokkunaraðferð er t.d. gagnleg þegar um er að ræða bakka með hlutum sem flokka á eftir þyngd. Í mínus-flokkun má setja bakkann á vogarpallinn, ýta á TARE-takkann og taka síðan einn hlut upp úr bakkanum í einu. Flokkur hvers hlutar birtist á Aukaskjánum og hluturinn er síðan settur í réttan bauk.

Notkun mínus-flokkunar

- 1 Veljið flokkunarminni og flokkunaraðferð. ($r \in \mathbb{Z}$).
- 2 Setjið alla hluti sem á að flokka á vogarpallinn.
- 3 Takið einn hlut í senn af vogarpallinum og flokkunarnúmer hvers hlutar birtist á Aukaskjánum.¹¹

Mínus-flokkun hætt

- ♦ Breyta má flokkunaraðferðum með því að:
 - skipta yfir í minni sem er ekki með mínus-flokkun tilgreinda sem flokkunaraðferð **eða** með því að
 - halda áfram í sama minni og velja nýja flokkunaraðferð.

¹¹ Mínus-flokkun er virk ef nettóþyngdin á vogarpallinum er í plús.

Plús-flokkun:

Með þessari aðferð er unnt að setja einn hlut í senn í bakkann á vogarpallinum og skrá vigtunina sjálfvirkt og birta flokk hvers hlutar á Aukaskjánum.

Notkun plús-flokkunar:

- 1 Veljið flokkunarminni og flokkunaraðferð (**P** **5**).
- 2 Setjið bakka á vogarpallinn og setjið hlutina í bakkann, einn í einu.
Flokkunarnúmer hvers hlutar birtist á Aukaskjánum.
